



Reykjavík, 1. október 2021
Fundargerð 230. stjórnarfundar SHS
39. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 1. október var haldinn 230. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., sem jafnframt var 39. fundur framkvæmdaráðs AHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar, liðum 1 til 4, sátu fundinn Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. Núverandi staða á COVID

Farið yfir stöðu mála á höfuðborgarsvæðinu vegna yfirstandandi bylgju COVID-19 og ráðstafanir vegna þess.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Reglugerðir vegna COVID

Farið yfir nýlegar reglugerðir vegna COVID-19 og síðasta minnisblað sóttvarnalæknis.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð 938 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 23. ágúst 2021.
- Reglugerð 956 um (1.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 24. ágúst 2021.
- Reglugerð 962 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 27. ágúst 2021.

- Reglugerð 1030 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 14. september 2021.
- Reglugerð 1034 um (2.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 13. september 2021.
- Reglugerð 1053 um (3.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 17. september 2021.
- Reglugerð 1100 um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, dags. 28. september 2021.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19, dags. 12. september 2021.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum Íslands vegna COVID-19, dags. 27. september 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Samræming/samstarf vegna COVID á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram tillaga að sameiginlegu miðlægu þjónustuveri fyrir höfuðborgarsvæðið sem létt myndi á verkefnum stjórnenda og annars starfsfólks sveitarfélaganna vegna COVID-19, styðja við stjórnendur í einingum þar sem upp koma smit, uppfæra leiðbeiningar og samræma aðgerðir þvert á sveitarfélög.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað – Sameiginlegt þjónustuver fyrir höfuðborgarsvæðið vegna COVID-19, dags. 17. september 2021.

Afgreiðsla: Frestað.

4. Önnur mál FAHS

Keilir. Farið yfir jarðhræringar sem hafa verið við Keili.

Kl. 08:45. Ásgeir Þór, Þóra Kristín og Ásdís yfirgefa fundinn.

Málefni SHS

1. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða

Farið yfir útkomuspá og fjárhagsáætlun SHS 2022 - 2026.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað – Fjárhagsáætlun SHS, fyrri umræða, dags. 1. október 2021.

Afgreiðsla: Fyrri umræða. Frestað til næsta fundar.

2. Skýrsla um áhættudreifingu í rekstri

Farið yfir greinargerð um áhættudreifingu í rekstri SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Greinargerð – Dreifing áhættu í rekstri SHS, árangursskýrsla, dags. 17. september 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Skýrsla um innra eftirlit

Farið yfir greinargerð um innra eftirlit SHS sl. 12 mánuði.

Eftirfarandi lagt fram:

- Greinargerð – Innra eftirlit SHS, árangursskýrsla, dags. 17. september 2021.

Afgreiðsla: Kynning, engar athugasemdir gerðar.

4. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál SHS

5.1 Búseta í atvinnuhúsnæði

Farið yfir stöðu mála varðandi kortlagningu búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur er áætlaður 15. október.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Reglugerð 938 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 23. ágúst 2021.
- Reglugerð 956 um (1.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 24. ágúst 2021.
- Reglugerð 962 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 27. ágúst 2021.
- Reglugerð 1034 um (2.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 13. september 2021.
- Reglugerð 1053 um (3.) breytingu á reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 17. september 2021.
- Reglugerð 1100 um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, dags. 28. september 2021.
- Reglugerð 1030 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 14. september 2021.
- Minnisblað sóttvarnalækis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19, dags. 12. september 2021.

- Minnisblað sóttvarnalækis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum Íslands vegna COVID-19, dags. 27. september 2021.
- Minnisblað – Sameiginlegt þjónustuver fyrir höfuðborgarsvæðið vegna COVID-19, dags. 17. september 2021.

SHS:

- Minnisblað – Fjárhagsáætlun SHS 2022 - 2026, dags. 17. september 2021.
- Greinargerð – Dreifing áhættu í rekstri SHS, árangursskýrsla, dags. 17. september 2021.
- Greinargerð – Innra eftirlit SHS, árangursskýrsla, dags. 17. september 2021.